

Ársskýrsla nefndar um dómarastörf

2025

Nefnd um dómarastörf starfar samkvæmt II. og VIII. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglum nr. 1165/2017, sbr. reglur nr. 1499/2023 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráningu þeirra.

Nefndin hélt sex formlega fundi á árinu. Fjölmargar ákvarðanir voru að auki teknar með rafrænum samskiptum nefndarmanna utan funda.

Nefndin hefur eftirlit með lögbundinni hagsmunaskráningu íslenskra dómara. Nefndin tók fyrir 79 erindi er vörðuðu dómara. Um var að ræða tilkynningar er varða aukastörf dómara, tilkynningar um að látið hefði verið af aukastarfi, beiðnir dómara um heimild til að gegna aukastarfi og beiðnir og tilkynningar dómara er vörðuðu eignarhluti í félagi eða atvinnufyrirtæki.

Nefndin tekur á móti og fjallar um kvartanir vegna starfa dómara sem ekki falla undir dómsathafnir. Nefndinni bárust sjö slíkar kvartanir. Fimm málum var vísað frá með rökstuðningi þar sem þau féllu ekki undir valdsvið nefndarinnar. Í einu þeirra mála háttaði einnig þannig til að ekki þótti tilefni til að hefja efnislega meðferð á einum þætti kvörtunarinnar. Eitt mál fékk efnislega meðferð og var lokið með álit. Í því máli voru allir nefndarmenn vanhæfir sem og varamaður formanns. Var Ingveldur Einarsdóttir skipaður formaður ad hoc. Auk hennar tóku sæti í nefndinni varamennirnir Sigríður Ingvarsdóttir og Haukur Logi Karlsson. Hluta málsins var vísað frá nefndinni. Engar athugasemdir voru gerðar við starfshætti viðkomandi dómara sem kvörtunin laut að. Meðferð eins máls var ólokið um áramót.

Auk framangreindra starfa uppfærði nefndin reglulega skrá sem ber að halda samkvæmt 10. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016, sbr. 8. gr. reglna nr. 1165/2017, með tilheyrandi samskiptum við dómara.

Í nefndinni áttu sæti Ragnheiður Thorlacius fyrrverandi héraðsdómari, formaður nefndarinnar, Sigrún Guðmundsdóttir fyrrverandi héraðsdómari og Andri Fannar Bergþórsson prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Reykjavík, 21. janúar 2026.

Ragnheiður Thorlacius formaður.